

Ed.

342. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að sameina póstmeistara- og stöðvarstjóraembættið á Akureyri og Ísafirði.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að sameina póstmeistara- og stöðvarstjóraembættið á Akureyri og Ísafirði.

2. gr.

Eftir sameininguna skulu forstjórar embætta þessara hafa sömu laun og póstmeistararnir á Akureyri og Ísafirði nú hafa samkvæmt launalögum,

auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, en jafnframt má skipa þeim til aðstoðar, á Akureyri póstafgreiðslumann með 2200 kr. byrjunarlaunum, sem hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 2800, en á Ísafirði póstaðstoðarmann með sömu launum og póstaðstoðarmenn í Reykjavík hafa eftir launalögum.

3. gr.

Nú eru embætti þau, sem um ræðir í lögum þessum, sameinuð, og skal þá telja þjónustuár viðtakanda í hinu nýja embætti frá þeim tíma, er hann var skipaður í það embætti, er hann áður gegndi.

Greinargerð.

Um greinargerð visast til nefndarálits á þingskjali 341.